



SANDLÆKUR

Sjósund og sauna

Umsókn í Framkvæmdasjóð Ferðamannastaða
Október 2022

Sjósund og sauna við Húnaflóann

Sótt er um styrk til þess að hanna og byggja saunu og litla flotbryggju fyrir kajaka við Sandlæk á Skagatrönd. Svæðið er vinsælt meðal heimamanna fyrir sjósund og sjósport á borð við kajakróður og sjóbretti. Engin aðstaða er við ströndina, en með slíkri framkvæmd væri hægt að bjóða upp á einstaka aðstöðu til útiveru allan ársins fyrir ferðamenn jafnt sem heimamenn. Saunan yrði liður í því að virkja strandlengjuna til útivistar — og laða að fleiri ferðamenn á Skagatrönd og Skagann allan.

Skagatrönd er sjávarþorp þar sem fiskveiðar fara dvínandi er togararnir færa sig til stærri hafna. Bærinn býður þó einnig upp á menningarlíf og fagra náttúru. Sauna við Sandlæk verður liður í að laða að fleiri ferðamenn sem einnig nýta aðra þjónustu í bænum. Notast verður við verktaka úr heimabyggð eins og hægt er í verkefninu.

Sauna við Sandlæk verður lítill áningarstaður fyrir fólk sem nýtur þess að vera í náttúrunni, og annað í röðinni í seríu nýrra lítilla ferðamannastaða á Skagatrönd á eftir fuglaskoðunarhúsi á Spákonufellshöfða. Einnig er slík aðstaða kærkomin fyrir þá fjölmörgu sem nú þegar stunda sjósund.



Sjósund verður sífellt vinsælla um land allt og einnig aukast vinsældir þess að róa á hafkajak og sjóbretti. Sauna og sjósund í köldu vatni er heilsueflandi.



Á ströndinni er magnað útsýni út
á flóann og norður á Strandir




Svarti sandurinn er heillandi fyrir
heimafólk sem og aðkomufólk



Horft yfir svörtu ströndina, með
Spákonufellið glæsilegt í bakgrunni



Staðsetning



Mögulegar
staðsetningar



Sauna

Flotbryggja

Útsýnið á strandir
rammað inn með
einföldum en
fallegum glugga út
að sjó

